

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Skarfagarðar 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. janúar 2020, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis, Skarfabakka vegna lóðarinnar nr. 2 við Skarfagarða. Í breytingunni felst að byggingarreitir er stækkaður að hluta á norðvesturhorni reitsins. Nýtingarhlutfall jarðhæðar fer úr 0,5 í 0,56 og nýtingarhlutfall millipalla í 0,25. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.241.0 og 1, Hampiðjureitur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 23. janúar 2020, breytingu á skilmálum deiliskipulags „Hlemmur + 1.241.0, 1.241.1 Hampiðjureitur“. Í breytingunni felst að skilgreina nánar heimild í deiliskipulagi vegna minniháttar breytinga varðandi kvisti og svalir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Nýlendugata 29.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. febrúar 2020, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 29 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum hússins úr 5 íbúðum í 7 íbúðir, koma fyrir svölum á suðurhlíð hússins og koma fyrir lyftu í húsinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 17. febrúar 2020.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 2. mars 2020